



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Til skólanefnda og skólaskrifstofa

Reykjavík 3. maí 2016

1605057SA GB
Málalykill: 04.23

Efni: Ábending til skólanefnda um kostnað vegna námsgagna

Nokkur umræða hefur átt sér stað undanfarið á vettvangi Sambands íslenskra sveitarfélaga um kostnaðarþátttöku foreldra vegna ritfanga og annarra gagna vegna skólagöngu barna.

Samtökin Barnaheill, Heimili og skóli og Velferðarvaktin hafa vakið athygli stjórnvalda á að þarna geti verið um umtalsverðar fjárhæðir að ræða fyrir fjölskyldur og farið fram á að heimildarákvæði í grunnskólalögum um gjaldtöku verði felld niður. Lagabreyting, ef til kæmi, er í höndum Alþingis, en ekki liggur fyrir hvort mennta- og menningarmálaráðuneytið telur tilefni til þess að eiga frumkvæði að lagabreytingum.

Sambandið hefur brugðist við erindum frá ofangreindum samtökum með því að kanna kostnað foreldra vegna ritfanga. Til grundvallar þeirri athugun voru listar frá grunnskólum víða um land um nauðsynleg námsgögn. Við skoðun á þessum listum kom í ljós að skólar gera mjög mismunandi kröfur um hvaða gögn nemendum ber að koma með í skólann. Kostnaður er þar af leiðandi mjög mismunandi milli sveitarfélaga. Mismunur getur einnig verið umtalsverður á milli skóla í sama sveitarfélagi.

Á vinnufundum með fulltrúum Velferðarvaktarinnar hefur komið fram skýr vilji fundarmanna til þess að eiga samvinnu við sveitarfélögin um að koma til móts við þá sem standa höllum fæti í þjóðfálaginu, þannig að efnahagur komi ekki niður á námi og lífi barnanna. Samkvæmt upplýsingum Velferðarvaktarinnar búa um 6.000 börn á Íslandi við fátækt.

Í ljósi þessa beinir sambandið þeim tilmælum til skólanefnda og skólaskrifstofa að þær kanni framkvæmd þessara mála í sínu sveitarfélagi. Ef tilefni reynist til væri mögulegt að gefa út leiðbeiningar til að tryggja betra samræmi um hvaða kröfur eru gerðar um ritfangakaup nemenda við upphaf næsta skólaárs. Einnig væri mögulegt að senda tilmæli til skólastjórnenda um að leitast við að halda kostnaði vegna ritfanga í lágmarki.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri